

Bráðabirgðalög

Nr. 6
30. apríl.

um

heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda svo og útflutning þeirra.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Samkvæmt þegnlegri skýrslu stjórnarráðs Íslands um, að nauðsynlegt sje til þess að tryggja hagkvæma sölu islenskra hrossa á erlendum markaði og til þess að draga úr erfiðleikum við flutning hrossa til útlanda vegna ónógs skipakosts, að ríkisstjórnin hafi heimild til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda svo og útflutning þeirra, verðum Vjer að telja það brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlagi 19. júní 1915

Því bjóðum Vjer og skipum þannig :

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda svo og útflutning þeirra á yfirstandandi ári.

Ríkisstjórnin getur sett með reglugjörð eða reglugjörðum nánari ákvæði hjer að lútandi.

2. gr.

Refsingar fyrir brot gegn ráðstöfunum þeim, sem ríkisstjórnin gjörir með heimild í lögum þessum, ákveður ríkisstjórnin á þann hátt, sem henni þykir við eiga, um leið og hver ráðstöfun er gjörð.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalfuborg 30. apríl 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.